

3.2.0. Fæðisfrádráttur.**3.2.1. Fæðisfrádráttur hjá launagreiðanda.**

Launagreiðendur sem ekki færa sérreikning yfir fæðiskostnað launþega sinna mega draga frá tekjum sínum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi kr. 379 fyrir hvern heilan fæðisdag sem þeir láta launþegum sínum í té fæði án endurgjalds. Sama gildir um fæði sem launagreiðandi lætur fjölskyldu launþegans í té án endurgjalds.

Reykjavík, 3. janúar 1995.

Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri.

Nr. 3.

1. janúar 1995

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 1/1995 um skilafresti launaskýrslna o.fl. gagna samkvæmt 92. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Samkvæmt lokamálgrein 93. gr. nefndra laga hefur skilafrestur eftirtalinnna gagna, sem skila ber á árinu 1995 vegna greiðslna o.fl. á árinu 1994, verið ákveðinn sem hér segir:

I. Til og með 21. janúar 1995:

1. Launamiðar ásamt almennu launaframtali.
2. Hlutafjármiðar ásamt samtalningsblaði.
3. Stofnsjóðsmiðar ásamt samtalningsblaði.
4. Bifreiðahlunnindamiðar ásamt samtalningsblaði.

II. Til og með 20. febrúar 1995:

1. Afurða- og innstæðumiðar ásamt samtalningsblaði.
2. Sjávarafurðamiðar ásamt samtalningsblaði.

III. Til og með síðasta skiladegi skattframtala 1995, sbr. 1. - 4. mgr. 93. gr. nefndra laga:

1. Greiðslumiðar yfir hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum, sbr. 1. og 2. tölulið C-liðar 7. gr. sömu laga.
2. Gögn frá eignarleigufyrirtækjum þar sem fram koma upplýsingar varðandi samninga sem eignarleigufyrirtæki, sbr. II. kafla laga nr. 19/1989, hafa gert og í gildi voru á árinu 1994 vegna fjármögnunarleigu eða kaupleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 manns. M.a. skulu koma fram nöfn leigutaka og kennitala, skráningarnúmer bifreiðar, leigutímabil ásamt því verði er eignarleigufyrirtæki greiddi fyrir bifreiðina.

Reykjavík, 1. janúar 1995.

Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri.